

Skólaráðsfundur 17.11. 2020 (TEAMSfundur)

Mættir: Þorvar, Alfreð, María, Ingibjörg, Álfrún, Sunna, Áslaug og Ísak

Ritari: Ingunn

Fundarefni: Skólahald á Covidtímum.

Rætt um skólahald og reglugerð, hvenær hún er gefin út og hvernig upplýsingar berast skólastjórnendum og öðrum sem vinna eftir reglugerð. Mætti vera í betra ferli.

Önnur mál :

- Öryggismyndavélar . Allar komnar upp, 22 myndavélar úti og í anddyri. Reglur og upplýsingar verða senda fljótlega. Kennarar munu kynna þetta fyrir öllum nemendum. Rætt um fælingarmátt myndavélakerfis og von okkar um að þær komi í veg fyrir skemmdarverk á skólahúsnæði og eigum nemenda og starfsmanna.
- Skólalóð: við vonumst til að aparóla komi aftur – ekki vitað hvort eða hvenær hún kemur aftur. María reynir að fá staðfestingu frá framkvæmdardeild Kópavogsbæjar.
- Eldsvoði á skólalóð. Lögreglan sér um rannsókn málsins.
- Salerni nemenda, þríf og umgegni. Réttindaráð ræddi um óhrein salerni í haust. Eftir það voru salerni sýrupvegin og lyktareyðir settur inn á öll salerni. Slæm umgengi á salernum, pappír og vatni er skvett á gólf og kastað í vegg, ekki að salerni séu illa þriffin. Í Covid skiptingu er salernum skipt upp eftir árgögnum sem að hefur gengið vel. Alltaf einhver pappír á gólfi, rætt um hvort ruslafata sé óhentug. En staðreyndin er sú að þessar ruslafötur eru sérstakar eldvarnartunnur. Lokið er eldvarnarlok og ekki leyfilegt að taka það af. Klósett eru í öllum stofu frá 1.-6. Bekk .
- Upplestrarkeppnin hefur verið sett í 7. Bekk. Menntasvið heldur utan um keppnina. Lokakeppni verður í mars 2021.
- Desember og skert skólahald. Fastir liðir eins og jólasveinaleikar, verður frestað vegna takmarkana á skólalaldi. Við stefnum að páskaleikum. Reynum eins og hægt er að halda öllu öðrum viðburðum inni.
- Rithöfundar, þeir (rafrænt) koma nokkrir til dæmis Ævar vísindamaður, Bjarni Fritz ofl.
- Lýsingar á leið í skólann. Þorvar setur upp bréf og sendir.
- Rætt um gangbrautir og hringtorg.
- Rætt um loftgæði innan skólans. Skipt var um alla filtera í september.

Næsti fundur 15. desember 2020.

Fundi slitið 9:07